

Svör frá stjórnmalaflokkum. Spurning 1.

Hvað ætlar þinn flokkur að gera til að tryggja að hér á landi sé menntastefnunni um skóla án aðgreiningar raunverulega framfylgt?

Punktur úr svörum framboðanna. Öll svörin má finna á samfok.is

- A – Björt framtíð nefnir sérstaklega alþjóðasamninga og skuldbindingar sem lúta að mannréttindum barna í þessu samhengi. Björt framtíð telur nauðsynlegt að breyta skipulagi skóla og auka stuðning við bæði kennara og nemendur til þess að allir nemendur geti raunverulega fengið bæði námslegum og félagslegum þörfum sínum sinnt.
- B – Framsóknarflokkurinn vill að nemendur njóti fulls jafnréttis til náms, m.a. óháð fötlun, getu, búsetu, kyns eða uppruna. Til þess að svo megi verða, þurfi að auka grunnþjónustu, bæði staðbundna og fjarþjónustu. Þá þurfi að auka aðgengi, samvinnu og samræmingu um stuðning, ráðgjöf, stoðþjónustu og heilsugæslu.
- C – Viðreisn telur að skilgreina þurfi betur hvaða þjónustu eigi að veita innan almennra grunnskóla. Þá þurfi að efla þekkingu og úrræði innan skólanna, með það fyrir augum að komið verði á laggirnar öflugum teymi starfsfólks sem hafi viðtækari þekkingu og reynslu en nú er.
- D – Sjálfstæðisflokkurinn vísar til úttektar á menntun án aðgreiningar, í samvinnu við Evrópumíðstöð um nám án aðgreininga og telur að taka eigi ákvarðanir sem styðji við menntun án aðgreiningar þegar þeirri vinnu lýkur í árslok 2016.
- P – Píratar vilja áfram stefna að skóla án aðgreiningar en segja að rannsaka þurfi hversu mikið viðbótarfjármagn (fyrir aðstöðu, starfsþróun og fjölgun starfsfólks) þurfi til að hann verði að veruleika.
- R – Alþýðufylkingin telur að ef stefna um skóla án aðgreiningar eigi að teljast raunhæf þurfi menntakerfið að fá miklu meiri fjármuni en það hefur hingað til fengið.
- S – Samfylkingin styður heils hugar skóla án aðgreiningar en leggur ríka áherslu á að réttindi barna og ungmenna verði tryggð í skóla margbreytileikans. Gefa þurfi nemendum sem þurfa sérstakan stuðning eða skipulag í námi sínu vegna fötlunar, veikinda eða annarra örðugleika, tækifæri til að stunda nám á sínum forsendum með leiðum sem skila árangri. Endurskoða þurfi tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tryggja sveitarfélögum nægilegt fjármagn svo hægt sé að framfylgja stefnunni um skóla án aðgreiningar með sóma. Sérstaklega þurfi að huga að málefnum barna með fjölþættan vanda.
- T – Dögun vill sjá til þess að nægilegt fjármagn sé veitt til sveitarfélaga sem eiga að sinna þessum þætti.
- V – Vinstri græn segir skóla án aðgreiningar mannréttindastefnu, á sama hátt og samfélag án aðgreiningar eða eitt samfélag fyrir alla, sem hafa verið kjörorð heildarsamtaka fatlaðra víða í Evrópu um árabíl. Mikilvægt sé að allir nemendur geti sem best ræktað og þroskað styrkleika sína jafnt námslega sem félagslega í því umhverfi sem hæfir þeim best.

SAMFOK, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, ADHD samtökin, Einhverfusamtökin, Sjónarhóll, Olnbogabörn, Umboðsmaður barna, Heimili og skóli – Landssamtök foreldra, Landssamtökin Þroskahjálpi, Umhyggja – félag langveikra barna, UNICEF á Íslandi, Foreldraráð Hafnarfjarðar, Málefli, Tourette-samtökin.